

Nefndarsvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndarsvið@althingi.is

Tilvísun: 20160801901

Reykjavík, 02.09.2016

Efni: Umsögn Lánasjóðs íslenskra námsmanna um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki.

Vísað er í tölvupóst dags. 19. ágúst s.l. þar sem óskað er eftir umsögn Lánasjóðs íslenskra námsmanna (LÍN) um frumvarp til laga um námslán og námsstyrki. Lagt fyrir á Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016.

Lánasjóður íslenskra námsmanna fagnar því að frumvarp um heildarendurskoðun laga um sjóðinn hafi verið lagt fram. Frumvarpinu er ætlað að koma í stað laga nr. 21/1992 sem LÍN starfar eftir í dag. Sjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki fyrir námsmenn þar sem hlutverk LÍN er að tryggja tækifæri til náms án tillit til efnahags. Mikilvægt er að tryggja það að sjóðurinn getir sinnt því hlutverki áfram.

Á undanförunum árum hefur sjóðurinn, bæði í ársskýrslum LÍN sem og sérstökum áhættugreiningum sem stjórn sjóðsins hefur látið gera, bent á að miðað við þá þróun sem verið hefur í hækkun meðallána, lengri endurgreiðslutíma, aukningu í afskriftum, hækkandi meðalaldri lántaka, hafi fjárhagsleg áhættur í rekstri sjóðsins aukist verulega. Styrkur ríkisins til námsmanna hefur á undanförunum árum verið metin sem 47% af útlánum hvers árs. Fyrirsjáanlegt er miðað við ofangreinda þróun þurfi að hækka framlag ríkisins vegna útlána hvers árs.

Eftirfarandi eru þau atriði sem tiltekin eru sérstaklega sem jákvæð breyting í nýju frumvarpi:


1. Dregið verður úr fjárhagslegri áhættu í rekstri sjóðsins. Innheimta námslána verði fyrirsjáanlegri þar sem námslán eru til ákveðins tíma. Gert er ráð fyrir að námslán verði að hámarki til 40 ára og greiðist upp fyrir 67 ára aldur. Afföll sjóðsins ættu því að minnka að miklu leyti.
2. Styrkir ríkisins til námsmanna verða gegnsærir og og meira jafnræði verður í útgreiðslu styrkja til nemenda. Aðstoð ríkisins til námsmanna í lánshæfu námi verður í formi beinna styrkja og í formi lána á hagstæðum kjörum. Nemendur fái námsstyrk í allt að 45 mánuði eða sem jafngildir 5 árum en geta tekið námslán í allt að 7 ár. Námsmenn geta tekið eingöngu styrk eða styrk og lán eða jafnvel lán að hluta.

3. Þak verður sett á veitta námsaðstoð. Hámarks námsaðstoð ríkisins verður tæplega 18 m.kr. 69% námsmanna eru með lán undir 5. m.kr. 85% námsmanna eru með lán undir 7,5 m.kr. og nemur heildarskuld þeirra um 59% af lánasafninu. Þá eru 92% námsmanna með lán undir 10 m.kr. og nema lán þeirra 75% af lánasafninu. Um 2% námsmanna eru meðlán yfir 15 m.kr. og skulda þeir 9% af lánasafninu og innan við 1% námsmanna eru með lán yfir 17,5 m.kr. og skulda þeir 5% af lánasafninu. Því má áætla að fyrir allt að 99% af námsmönnum verði skuldsetning þeirra lægri við námslok með tilkomu námsstyrkja og jafnframt mun þak á upphæð námsaðstoðar ekki hafa áhrif á 99% námsmanna.
4. Skuldsetning námsmanna lækkar þar sem styrkir eru greiddir út á meðan á námi stendur þ.e. á námstíma en ekki á endurgreiðslutíma.
5. Gert er ráð fyrir að aðstoð sjóðsins hækki úr 92% af framfærsluviðmiði sjóðsins í 100% í mánuði. Þetta ætti að auka líkur á að nemendur þurfi ekki að vinna með námi og þar með möguleiki á að auka skilvirkni námsins.
6. Uptaka námsstyrkja ætti að fela í sér að iðn- og sérnám verður gert hærra undir höfði þar sem nemendur í aðstoðarhæfu iðnnámi geti fengið námsstyrki strax við 18 ára aldur.
7. Framgangur nemenda í námi ætti að aukast þar sem hvati felst í styrkjum sem greiðast á meðan á námi stendur og sem eru í réttu hlutfalli við námsframvindu nemenda. Við það eykst skilvirkni bæði í námslánakerfinu sem og skólakerfinu í heild sinni og þar með þjóðhagsleg hagkvæmni.
8. Hægt verður að fresta helmingi hvernar endurgreiðslu námslána vegna fyrstu kaupa á íbúðarhúsnæði í allt að 60 mánuði (5 ár) til að auðvelda fólki íbúðar kaup.
9. Brugðist er við ábendingum Ríkisendurskoðunar um að sett verði lagastoð fyrir aðstoð í aðfaranámi eða svokölluðu frumgreinanámi fyrir einstaklinga sem eru orðnir 23 ára.
10. Kröfur vegna námslána verða undanþegnar 2. og 3. mgr. 165. gr. laga nr. 21/1991, um gjaldþrotaskipti o.fl. Með því þarf sjóðurinn ekki að höfða sérstök viðurkenningarmál til að leitast við að fá tveggja ára fyrningarfresti eftir gjaldþrot slitid.
11. Aldur hefur áhrif á veitingu námsaðstoðar á þann veg að ekki verður veitt námsaðstoð til einstaklinga sem eru orðnir 60 ára eða eldri. Þessi skerðing hefst við 51 árs aldur og lækkar um 10% ár ári. Takmörkun aldurs felur í sér raunhæfari tíma til endurgreiðslu námslána og þar með betri innheimtu námslána.
12. Veitt verður tímabundin heimild til ársloka 2021 fyrir lántaka eldri námslána til að fá viðbótarniðurfærslu af höfuðstól námsláns gegn greiðslu aukaafborgunar þ.e. fyrir hverja 100.000 kr. aukaafborgun verður veitt 10.000 kr. viðbótarniðurfærsla eftirstöðva.
13. Námsaðstoð ríkissjóðs bæði hvað varðar úthlutun námsaðstoðar í formi styrkja og námslána sem og endurgreiðslur námslána færast nær fyrirkomulagi námsaðstoðar á Norðurlöndunum. Hefur þessi krafa verið lengi í umræðunni.

Forsvarsmenn Lánasjóðs íslenskra námsmanna og starfsmenn fagna þeim breytingum sem verður á starfsemi sjóðsins verði frumvarp um Lánasjóð íslenskra námsmanna sem nú liggur fyrir

Alþingi að lögum enda gera engir sér betur grein fyrir því en starfsmenn sjóðsins að núverandi námslánakerfi hefur gengið sér til húðar.

Virðingarfyllst,



Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir
framkvæmdastjóri

